

52  
8. sept.

**L Ö G**

um

breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 [*Útflutningsgjald af síld o. fl.*] o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

**1. gr.**

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri sildartunnu 108—120 litra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,00.

**2. gr.**

Endurgreiða skal innflutningstoll, hverju nafni sem nefnist, af kryddi  
og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, enda sé síldin komin á  
skipsfjöl til útflutnings og sannað með vottorði síldarmatsmanns, hve mikið  
af kryddi og sykri hefir verið látið í hverja tunnu síldarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*